

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Skaftár- og Mýrdalshreppur  
Klausturvegi 10  
880 Kirkjubæjarklaustur



Reykjavík 11. júlí 2016  
UST201606-174/K.S.J.  
10.04.02

## **Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps.**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftárhrepps er barst 22. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010 – 2022.

### **Skipulagssvæðið**

Efri-Vík er staðsett í Landbroti um 5 km sunnan við Kirkjubæjarklaustur. Skipulagstillagan sem lýsingin á við, mun fjalla um að breyta landnotkun í landi Efri-Víkur. Í lýsingu kemur fram að áætlað er að breyta opnu svæði, frístundabyggð og landbúnaðarsvæði í svæði fyrir íbúðabyggð. Einnig kemur fram að samhliða breytingu á aðalskipulagi verði unnið að tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir frístundabyggðina Álfabyggð í Efri-Vík.

### **Náttúruminjar**

Í greinargerð kemur fram að á landi Efri-Víkur er skipulögð frístundabyggðin Álfabyggð og að skipulagið var samþykkt 02.06.1993. Einnig kemur fram að ofangreind Álfabyggð er í Landbrotshólum sem eru gervígigar sem mynduðust við gufusprenningar eftir að hraun rann yfir votlendi, og að verið er að vinna að nýju skipulagi fyrir Álfabyggð. Í greinargerð segir einnig að áætlað er að breyta hluta af af núverandi frístundabyggð í íbúðabyggð. Umhverfisstofnun bendir á að Landbrotshólar eru jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, en þar segir: „*Sérstök vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja.*„, *Eftirtaldar jarðminjar njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 3. gr.:*

*a. eldvörp, eldhraun, gervígigar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma,*

*b. fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum.*

*Forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. nema brýna nauðsyn beri til. Skýlt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr.*

*skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Áður en leyfi er veitt skal leyfisveitandi leita umsagnar Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggi staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag þar sem umsagnir skv. 1. og 2. mgr. 68. gr. liggja fyrir.“*

Skv. heimasíðu Kötlujarðvangs eru Landbrotshólar víðáttumesta svæði af gervígígum á Íslandi eða um 50 km<sup>2</sup>. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt fyrir sveitarfélagið og landeigendur á svæði Landbrotshólanna að huga að vernd fegurstu gervígíganna, hvort sem það er með hverfisvernd, með því að skrá þá á náttúruminjaskrá eða með friðlýsingu. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að slíkar jarðminjar verði varðveittar vegna náttúruverndargildis og fyrir náttúruskoðendur og komandi kynslóðir.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að skýrt komi fram í aðalskipulagsbreytingu og tillögu að nýju deiliskipulagi Efri-Víkur hvaða áhrif áætlaðar framkvæmdir komi til með að hafa á náttúruminjarnar Landbrotshóla.

Virðingarfyllst

*Kristín S. Jónsdóttir*

Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

*Gunnlaug H. Einarsdóttir*  
Gunnlaug H Einarsdóttir  
Sviðsstjóri